



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 21. febrúar 2019

R17090130

5252

Borgarráð

Ljósleiðaravæðing deifbýlis í Reykjavík

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi tilboð fjarskiptasjóðs vegna ljósleiðaravæðingar í dreifbýli í Reykjavík.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg sendi inn umsókn um styrk vegna ljósleiðaravæðingar í dreifbýli haustið 2018 til fjarskiptasjóðs. Þann 18. febrúar sl. samþykkti fjarskiptasjóður styrk til Reykjavíkurborgar að upphæð krónur 48.960.000 vegna þessa verkefnis sem verður greiddur út árið 2021. Áætlanir gera ráð fyrir að heildarkostnaður verði um krónur 126.700.000 miðað við 131 tengistaði. Eftir er að taka ákvörðun um hvort gjald verði sett á tengistað óski notandi eftir að fá ljósleiðaratengingu. Mismunur á styrkupphæð og heildarkostnaði er krónur 77.740.000.

Gert verði ráð fyrir hönnun og gerð útboðsgagna á þessu ári.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Ljósleiðaravæðing í Dreifbýli Reykjavíkurborg tilboð fjarskiptasjóðs

Ísland ljóstengt 2019

Fjarskiptasjóður gerir Reykjavíkurborg (hér eftir: sveitarfélagi) eftirfarandi tilboð byggt á gögnum sem skilað var inn sem hluti af forvals gögnum í umsóknarferli Ísland ljóstengt 2019.

Heildar kostnaðaráætlun sveitarfélags hljóðar uppá 126.700.000 til að tengja 131 styrkhæfan stað. Kostnaðarskiptingin er sýnd í töflu 1 og er einnig byggð á forvals gögnum sveitarfélags.

Allar upphæðir eru án virðisaukaskatts.

Tafla 1 Skipting kostnaðar

Skýring	Upphæð
Kostnaðaráætlun	126.700.000
Framlag íbúa/sveitarfélags¹	65.500.000
Framlag annarra	0
Byggðastyrkur	0
Ófjármagnað	61.200.000

Sveitarfélagi stendur til boða styrkur að upphæð 48.960.000 sem er 80% af þeirri upphæð sem er ófjármögnuð samkvæmt töflu 1.

Þiggi sveitarfélagið þennan styrk þá verður samið um þá upphæð árið 2021 með fyrirvara um fjárlög þess árs, sbr. tafla 2.

Tafla 2 Samningsupphæðir

Ár	2019	2020	2021
Samningsupphæðir	0	0	48.960.000

Sveitarfélagi er heimilt að þiggja eða hafna tilboði hér að ofan.

Óskað er eftir því að sveitarfélag samþykki eða hafni ofangreindu tilboði/tilboðum hið fyrsta í tölvupósti á netfangið otto.winther@srn.is eða í síðasta lagi fyrir kl. 12:00 föstudaginn 8. mars.

¹ Samanlagt lágmarksframlag íbúa/sveitarfélags 500.000

Ísland ljóstengt 2019 - forsendur og fyrirkomulag styrkja

Fjarskiptasjóður auglýsti forval í nóvember síðastliðnum vegna átaksverkefnisins Ísland ljóstengt fyrir árið 2019. Verkefnið er eitt af lykilverkefnum í stjórnarsáttmála og byggðaáætlun stjórnvalda. Markmið þess er að byggja upp ljósleiðarakerfi utan markaðssvæða í dreifbýli um allt land.

Eftirfarandi sveitarfélög sendu inn gögn vegna forvalsins:

Vesturland: Borgarbyggð og Dalabyggð. **Vestfirðir:** Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð. **Norðurland vestra:** Húnaþing vestra og Sveitarfélagið Skagafjörður. **Norðurland eystra:** Langanesbyggð og Norðurþing. **Austurland:** Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað. **Suðurland:** Bláskógabyggð, Flóahreppur, Hrunamannahreppur, Skaftárhreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Hornafjörður. **Höfuðborgarsvæðið:** Mosfellsbær og Reykjavíkurborg.

Í landshlutum þar sem einungis tvö sveitarfélög eiga eftir óumsamin verkefni, var um tíma boðið uppá samningaviðræður við fjarskiptasjóð í kjölfar forvalsins með það fyrir augum að tryggja verklok í landshlutanum. Ofangreind sveitarfélög á Vesturlandi, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra sóttust eftir slíkum viðræðum. Hugmyndin var jafnframt sú að önnur sveitarfélög, sem tóku þátt í forvalinu, gætu í kjölfarið keppt um styrk úr einum samkeppnispotti fyrir allt landið.

Fjarskiptasjóður telur ekki nauðsynlegt að beita þessum ólíku úthlutunaraðferðum í ljósi þess að áætlanir allra sveitarfélaganna liggja þegar fyrir um umfang, verktíma, kostnað, samlegð með öðrum framkvæmdum og fleira.

Eftirfarandi útfærsla gengur út á að gefa öllum sveitarfélögunum samtímis færi á styrkjum á sambærilegum forsendum, nú þegar að styttest í verklok Ísland ljóstengt.

Við úthlutun Ísland ljóstengt vegna 2017 og 2018 stóð sveitarfélögum til boða að senda inn allt að þrjár misháar styrkbeiðnir fyrir hvern verkáfang. Tilgangurinn var sá að sveitarfélag gæti t.a.m. ákveðið hæstu styrkbeiðnina sem æskilegt framlag ríkisins og lægstu styrkbeiðnina sem lágmarksframlag ríkisins, til að sveitarfélagið geti skuldbundið sig til að hefja framkvæmdir. Munur á slíkum styrkbeiðnum hljóp oftast en ekki á tugum prósent. Langflest sveitarfélög nýttu sér þennan sveigjanleika. Við opnun og úrvinnslu styrkbeiðna frá sveitarfélögum kom í ljós að sveitarfélög hlutu og þáðu að meðaltali um 20% lægri styrk en hæsta styrkbeiðni þeirra hljóðaði upp á. Leiða má líkur að því að svipuð niðurstaða fái verði áfram farið eftir samkeppnisfyrirkomulagi. Fjarskiptasjóður telur því málefnalegar forsendur fyrir því að bjóða öllum sveitarfélögunum 80% af þeirri upphæð sem þau hafa tilgreint sem æskilegt framlag sjóðsins. Örfáir sérstaklega dýrir staðir eru teknir út fyrir sviga í þessu verkefni að minnsta kosti að sinni.

Fyrir liggur jafnframt að áætlað eigið framlag sveitarfélaga á hverja tengingu er nokkuð mismunandi. Viðmið um lágmarksframlag sveitarfélags og eða íbúa til grundvallar kostnaðaráætlun hefur verið 350.000 kr. án virðisaukaskatts frá 2016. Mörg sveitarfélög ganga út frá þessu lágmarki. Önnur sveitarfélög ganga út frá töluvert herra eigin framlagi. Í ljósi þessa telur fjarskiptasjóður réttlátt að hækka og jafna upp á við umrætt lágmarksframlag í 500.000 kr. án vsk. Sú upphæð er í samræmi við upphaflegt mat aðila á eðlilegu lágmarksframlag sveitarfélags og íbúa, ekki síst með hliðsjón af eignarhaldi sveitarfélaga á styrktum ljósleiðarakerfum. Með þessu sitja fleiri sveitarfélög við sama borð hvað varðar bæði eigið lágmarksframlag sem og hlutfall styrkveitingar frá sjóðnum.

Tilboð fjarskiptasjóðs í hnotskurn: Sveitarfélögin eiga kost á 80% af þeirri upphæð sem þau hafa tilgreint sem æskilega framlag fjarskiptasjóðs fyrir tiltekna verkáfang, að frádregnum 500.000 kr. án vsk. fyrir hvern styrkhæfan stað og að frádregnu öðru framlagi, þó aldrei meira en svo að styrkir frá ríkinu greiði fyrir meira en 60% af raunkostnaði.

Dæmi: Sveitarfélag hyggst tengja 100 styrkhæfa staði. Heildarkostnaðaráætlun er 140 m.kr. Framlag íbúa/sveitarfélags verður 50 m.kr. að lágmarki. Sérstakur byggðastyrkur er 10 m.kr. og áætluð fjárframlög annarra aðila eru samtals 5 m.kr. Eftir standa því 75 m.kr. og af því styrkir fjarskiptasjóður verkefnið 80% eða 60 m.kr. Ekki reynir á 60% hámarks styrkframlag frá ríkinu (fjarskiptasjóður og

byggðastyrkur samtals 70 m.kr. eða 50% af heildarkostnaði). Þá standa einungis eftir 20 m.kr. sem þarf að fjármagna með öðrum leiðum og eða knýja fram aukið hagræði í jarðvinnu, tengivinnu og efniskaupum í tengslum við fyrirsjáanleika um framlag fjarskiptasjóðs. Í mörgum tilvikum miðast fjármögnun við að sveitarfélagið ætli að eiga nýja kerfið og jafnvel reka, að minnsta kosti í einhvern tíma. Með eignarhaldi á kerfinu skapast kjörið tækifæri til að ná til baka stofnkostnaði með langtímaleigu á kerfinu eða sölu, líkt og dæmi eru um.

Umfang verkefna sveitarfélaga framundan er mjög misjafnt. Sum sveitarfélög ættu auðveldlega að geta lokið framkvæmdum á árinu 2019, önnur eru varla byrjuð og þurfa að ársloka 2021 að klára og allt þar á milli. Fjarskiptasjóður hyggst koma að einhverju leyti til móts við þennan aðstöðumun með útfærslu á samkomulagi um fjármögnun yfir tímabilið 2019 – 2021, eftir því sem við á. Slíkt tryggir sveitarfélögum fyrirsjáanleika í fjármögnun með tilheyrandi tækifærum til aukinnar hagkvæmni, öfugt við úthlutun með samkeppnisfyrirkomulagi. Möguleikar sveitarfélaga á sameiginlegum innkaupum einkum á efni en einnig vinnu, aukast til muna. Nærliggjandi sveitarfélög geta t.d. samið við einn jarðvinnuverktaka um heildstæða framkvæmd. Slíkur fyrirsjáanleiki veitir íbúum jafnframt meiri vissu um framkvæmd, gerir alla áætlanagerð sveitarfélaga áreiðanlegri og veitir svigrúm með framkvæmdatíma.

Í frétt á stjórnarráðvefnum 5. nóvember sl. voru taldir upp tilteknir óvissuþættir sem sjóðurinn vildi fá betri mynd af áður en fyrirkomulag úthlutunar yrði ákveðið. Þeirri óvissu hefur að mestu verið aflétt:

- *Áhugi og áform sveitarfélaga sem ekki hafa nýlega borið sig eftir styrk:* Þetta hefur skýrst að hluta. Sjóðurinn mun halda eftir einhverjum fjárveitingum til úthlutunar 2020 til að mæta mögulegri eftirspurn frá sveitarfélögum sem ekki eru undir í þessari umferð. Nánari skilyrði og skilmálar þar að lútandi birt síðar.
- *Nákvæm áform áhugasamra sveitarfélaga:* Þessi gögn liggja nú að mestu fyrir, en geta breyst.
- *Þörf sveitarfélaga fyrir aukinn fyrirsjáanleika um framlag frá ríkinu:* Þörfin er til staðar. Henni er hér mætt með samræmdri úthlutunaraðferð.
- *Áhugi sveitarfélaga á samvinnu um að tryggja verklok á heilu landsvæði innan tilskilins tíma:* Nýtt upplegg tryggir fyrirsjáanleika í fjármögnun fyrir öll sveitarfélögin en ekki bara sum.
- *Fjöldi tenginga frá í fyrra sem frestast fram til 2019 og jafnvel lengur:* Þessi gögn liggja nú fyrir.

Úthlutunar- og samningsfyrirkomulagið tekur nú jafnframt mið af m.a. eftirfarandi þáttum:

- Úthlutun sjóðsins takmarkast og er með fyrirvara um fjármálaáætlun sem og fjárlög hvers árs.
- Sjóðurinn hyggst að óbreyttu leggja árlega 450 m.kr. í verkefnið 2019, 2020 og 2021. Útborgun hvers árs takmarkast við þessar upphæðir.
- Gerðir verða samningar í upphafi hvers árs fyrir það ár, eins og við á. Þannig verða gerðir þrír samfelldir en sjálfstæðir samningar fyrir verkefni sem áætlað er að taki þrjú ár.
- Samningsform verður með sambærilegu sniði og fyrri úthlutunarár.
- Einhverjir fjármunir verða teknir til hliðar til að mæta mögulegri styrkhæfri eftirspurn síðasta úthlutunarárið 2020.

Næstu skref

- **Sveitarfélög fá sendar samningsforsendur frá sjóðnum í formi tilboðs 18. febrúar 2019.**
- Tilboðin taka öll mið af sömu forsendum hér að ofan.
- Munur á tilboðum felst einkum í mismunandi styrkupphæð og greiðslufyrirkomulagi í boði.
- Líkt og áður fá sveitarfélög tíma til að ákveða hvort þau vilji ganga að tilboði sjóðsins um styrk.
- **Lokafrestur til að þiggja tilboð sjóðsins er til kl. 12:00, föstudaginn 8. mars 2019.**
- **Tímasetning undirritunarfundar vegna samninga verður tilkynnt síðar.**
- Styrkir sem ganga ekki út að þessu sinni bætast líklega við þann pott sem verður í boði að ári í tengslum við lokaúthlutun Ísland ljóstengt. Ekkert liggur þó fyrir um eftirspurn sveitarfélaga, fjárhæðir eða fyrirkomulag til grundvallar þeirri úthlutun.